




Reykjavík, 25. nóvember 2025
USK25100261

Varðar: Umsókn um framkvæmdaleyfi vegna göngu- og hjólastígs yfir Elliðaár

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 21. október 2025 var lögð fram umsókn skrifstofu framkvæmda, viðhalds og eignaskrifstofu, dags. 10. október 2025, um framkvæmdaleyfi vegna gerðar göngu- og hjólastígs yfir Elliðahólma þar sem áður var hitaveitustokkur Veitna yfir Elliðaár, Einnig eru lagðir fram aðaluppdrættir, dags. 2. október 2023, og bréf Fiskistofu, dags. 3. júlí 2025.



Hluti AR2040, gildandi deiliskipulags og loftmynd af svæðinu.


Framkvæmdarlýsing

Verkið er gönguleið yfir Elliðaár, staðsett á grunni hitaveitustokks sem þveraði árnar en hefur nú verið settur í jörð. Gönguleiðin er upplýst og samsett úr þrem brúm, göngustíg á milli þeirra og áningarstað.

Brýrnar eru staðsettar ofan á stöplum hitaveitustokksins sem var fjarlægður, þeir eru nýttir sem undirstaða. Brýrnar eru 4 m að breidd, 3.5 m virk breidd. Þær eru gerðar úr forsteyptum einingum. Stálgrindarútskot er á einum stað. Áætlaður framkvæmdatími er frá nóvember 2025 til júní 2027.



Reykjavík



Yfirlitsmynd sem sýnir fyrirhugaða framkvæmd.

Skipulagsleg staða

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir framkvæmdarsvæðið borgarhluta 7 Árbær og er hluti af opnu svæði, OP4 – Elliðaárdalur. OP4 er skilgreint sem borgargarður skv. aðalskipulagi en um þá segir:

Innan borgargarða er gert ráð fyrir útivistariðkun og fjölbreyttri mannvirkjagerð af ýmsum toga sem tengist nýtingu og þjónustu svæðanna til útiveru, afþreyingar og leikja og allrar almennrar frístundiðkunar. Einnig má gera ráð fyrir veitingaaðstöðu og veitumannvirkjum. Samfélagsstofnanir geta verið heimilar, skv. ákvörðun í deiliskipulagi.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir Elliðaárdalinn, sem samþykkt var í borgarráði 15. desember 2020 og tók formlega gildi með birtingu í B-deild stjórnartíðinda þann 28. apríl 2021, ásamt síðari breytingum.

Umsögn

Erindið er framkvæmdaleyfisskilt skv. 1. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, sbr. 1. mgr. 5. gr. sömu reglugerðar, þar sem um er að ræða nýjan stíg/gangstétt og gerð göngubrúar í þéttbýli. Framkvæmdin telst ekki umfangsmikil og mun ekki valda íbúum raski þar sem stór hluti framkvæmda-svæðis telst vera utan alfaraleiðar íbúa. Framkvæmdin er þó á viðkvæmu, hverfisvernduðu svæði þar sem taka þarf tillit til gróðurs og lífríkis. Framkvæmdin mun bæta umferðarflæði fyrir gangandi og hjólandi íbúa þegar verkinu er lokið auk þess sem hún tengir betur saman hverfi og borgarhluta. Í deiliskipulagi er gert ráð fyrir brú á þessum stað.

Í aðalskipulagi eru árnar og nánasta umhverfi þeirra hverfisverndaðar en auk þess nýtur svæðið næst Elliðaánum hverfisverndar í deiliskipulagi. Hverfisvernd getur verið af sagnfræðilegum, menningarlegum eða líffræðilegum ástæðum og er ætlað að vernda þau atriði sem eiga þátt í að skapa hverfinu sérstöðu og móta ímynd þess og anda. Framkvæmdin er að stærstum hluta innan þessa hverfisverndaða svæðis. Innan svæða þar sem er í gildi hverfisvernd þarf að sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir, í þessu tilfelli til að valda ekki óæskilegu raski á lífríki, gróðri og minjum innan dalsins.

Framkvæmdin er í samræmi við markmið aðalskipulags um grænu borgina og opinna svæða innan hennar þar sem gert er ráð fyrir stígum og áningarstöðum sem bæta aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúru-svæðum innan þéttbýlis. Framkvæmdin er einnig í samræmi við deiliskipulag.





Í gildandi deiliskipulagi eru markmið um öruggar leiðir gangandi og hjólandi vegfarenda og tengsl við græn svæði, „stígakerfi skipulagsins miðar að bættum tengingum, bæði gegnum dalinn frá norðri til suðurs en einnig milli hverfa sitt hvoru megin við dalinn að vestan og austanverðu. Kerfið miðar að því að fjölga leiðum og þar með auka fjölbreytni göngu- og hjólaleiða í dalnum.“

Í skjalinu *stefnumörkun og skilmálar* sem fylgir deiliskipulagsuppdraetti segir:

3.4.5 Göngu- og hjólabrýr Gert er ráð fyrir nýjum þverunum eða brúm yfir Elliðaár til viðbótar við núverandi þveranir:

- 1. Í legu hitaveitustokks sem fer í jörðu koma tvær nýjar brýr á undirstöðum stokksins.*
- 2. Við Rafstöðvarsvæðið til að mynda nýja tengingu af safnasvæði út í Árhólmann og þvert yfir.*
- 3. Neðan við Blesugróf og Löngugróf*
- 4. Milli Höfðabakka og Árbæjarstíflu*
- 5. Milli Grænugrófar og Víðivalla 6. Við Heyvað, norðan við gömlu göngubrúnna við Dimmu*

Framkvæmdatími: Áætlaður framkvæmdatími er frá nóvember 2025 til júní 2027.

Niðurstaða

Ekki er lagst gegn því að veitt verði framkvæmdaleyfi fyrir umræddri framkvæmd í Elliðaárdal. Framkvæmdin er í samræmi við gildandi aðalskipulag Reykjavíkur 2040 um gæði byggðar, þ.e.a.s. gerð stiga og áningarstaða sem bætir aðgengi að fjölbreyttum útivistar- og náttúrusvæðum innan þéttbýlis. Framkvæmdin er jafnframt í samræmi við gildandi deiliskipulag sem gerir ráð fyrir stofn- og göngustígum, áningarstöðum og göngubru á svæðinu.

Framkvæmdaleyfið er gefið út til tveggja ára miðað við útgáfudag í samræmi við framkvæmdaáætlun. Gefið er nokkurra mánaða svigrúm í lengd leyfisins fari svo að tafir verði á verkinu. En verði verulegar á breytingar á áætlun, þ.e. ef framkvæmdir tefjast að miklu leyti, þá þarf að sækja um endurnýjað framkvæmdaleyfi.

Taka skal tillit til þess að um opið svæði er um að ræða og skal virða allar reglur og leiðbeiningar um merkingar, hávaða og rask þannig að framkvæmdin valdi eins lítilli truflun og hægt er. Einnig skal tryggja að vinnusvæði sé snyrtilegt vegna viðkvæmrar staðsetningar þess á hverfisvernduðu svæði.

Ekki skal nota aðflutta gróðurþekju og jarðveg sem gæti innihaldi fræ með framandi tegundum. Við frágang á svæðinu skal endurnota gróðurþekju og jarðveg til þess að endurheimta staðargróður og milda áhrif framkvæmdar á líffræðilega fjölbreytni. Hafa skal samráð við sérfræðing til þess að leita leiða við að flytja og geyma gróðurtorfur á framkvæmdatíma eða finna viðeigandi uppgræðsluaðferð. Vanda skal hönnun brúar og lýsingar við brú, stíg og áningarstað sem miða að því að mannvirkin valdi sem minnstri truflun á náttúru og lífríki.

Forðast skal eins og mögulegt er að set/grugg berist frá framkvæmdasvæði í árvatnið.



Reykjavík



Jarðefni sem grafið er upp eða fellur til við framkvæmdina skal set í örugga fjarlægð frá árbakka þannig að tryggt sé að gruggugt vatn eða set berist ekki til árinna. Meta skal fjarlægð miðað við aðstæður á svæðinu (þar sem land hallar að árbakkanum, gróður er lítill eða jarðvegur frosinn þarf fjarlægð að vera meiri).

Hreinsa skal áhöld og vélar sem notuð eru við ánnu þannig að tryggt sé að olíur, eða önnur skaðleg efni sem geta verið á áhöldum eða vélum berist ekki árvatnið.

Vinnuvélar skulu ekki aka yfir eða í árfarvegi.

Ganga skal frá framkvæmdastað sem næst því ástandi sem var fyrir framkvæmdir.

Ganga skal frá jarðvegssárum þannig að gróður þeirra verði sem líkastur því sem var fyrir framkvæmdir, ýmis með fræsáningu eða með því að tyrfa yfir jarðvegssár. Með því skal tryggð upphafleg ásýnd bakka og að ekki skolist úr jarðvegssárum niður í árvatnið.

Mikilvægt er að framkvæmdaaðili, verktakar og starfsmenn séu upplýstir um umhverfismál vegna framkvæmdarinnar og að leitað verði allra leiða til að lágmarka umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. Gera skal verkáætlun um viðbrögð ef upp koma atvik eða óhöpp sem ógna geti lífríkinu (t.d. olíuleki). Frávik skulu skráð.

Framkvæmdin er ekki á verndarsvæði minja skv. deiliskipulagi en rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“

Innan framkvæmdasvæðis er fráveitulögn sem taka þarf tillit til, hafa skal samráð við Veitur við þverun hennar.

Setja þarf upp upplýsingaskilti við framkvæmdastað sem lýsir fyrirhugaðri framkvæmd á myndrænan hátt ásamt því að vera með upplýsingar um framkvæmdatíma og tengilið sem getur veitt nánari upplýsingar um framkvæmdina sjálfa. Áður en framkvæmdir hefjast þarf að upplýsa alla hagaðila næst framkvæmdastað bréflega um framkvæmdina þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni á uppdrætti, henni lýst í stuttu máli og gefnar upp upplýsingar um upphaf framkvæmda og áætluð verklok.

Þar sem leyfishafi þarf að nýta borgarland við framkvæmdina, t.d. með því að setja upp girðingar, tæki o.fl. skal framkvæmdaleyfishafi afla framkvæmdaheimildar hjá skrifstofu borgarlands hjá umhverfis- og skipulagssviði Reykjavíkurborgar. Jafnframt er farið fram á að gengið verði snyrtilega frá svæðinu að framkvæmdum loknum sem og ef framkvæmdir stoppast yfir lengri tíma í miðju verki.

Framkvæmdatíma skal lokið innan tilgreinds tíma og er minnt á að framkvæmdaleyfið fellur úr gildi hafi framkvæmdir ekki hafist innan 12 mánaða frá útgáfu þess, sbr. 1. mgr. 14. gr. reglugerðar um framkvæmdaleyfi.

Bent er á að framkvæmdaleyfið er þó háð því að sótt sé um byggingarleyfi fyrir framkvæmdinni og að hún sé samþykkt af byggingarfulltrúa sbr. Grein 2.3.1. í byggingarreglugerð um byggingarleyfisskyldar framkvæmdir.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur



Reykjavík



Birgitta Rut Skúlad. Hjörvar
verkefnastjóri